

Skipulags- og byggingarnefnd, fundur nr. 126

Dags. 29.8.2019

**Skipulags- og byggingarnefnd Kjósarhrepps
Fundur nr. 126**

Fimmtudaginn 29. ágúst 2019 kl. 18.00 var haldinn fundur í Skipulags- og byggingarnefnd Kjósarhrepps. Fundurinn var haldinn í Ásgarðsskóla. Viðstaddir voru: Marianna H. Helgadóttir formaður í forföllum formanns og varaformanns, Elís Guðmundsson og Magnús Kristmannsson. G. Oddur Víðisson og Gunnar Leó Helgason boðuðu forföll.

Sigurður H. Ólafsson skipulags- og byggingarfulltrúi sat einnig fundargerð og ritaði fundargerð.

Fyrir hönd hreppsnefndar situr Karl Magnús Kristjánsson oddviti.

Eftirfarandi erindi voru tekin fyrir á fundinum:

- 1. Flekkudalsvegur 21 a**, í landi Eyja 1- Umsókn um byggingarleyfi fyrir byggingu frístundahúss. Dagbjört Guðmundsdóttir, kt. 040650-2029, óskar eftir leyfi til að byggja 36,1 m² frístundahús við Norðurnes Flekkudalsveg 21a, L222364. Grenndarkynning hefur farið fram. Athugasemdir hafa borist.
Afgreiðsla: Skipulagsnefnd telur framkomnar athugasemdir ekki vera ástæðu til synjunar. Nefndin samþykkir því byggingaráformin. Þó með þeim kvöðum að skýra verði lóðarmörk við nágrennalóðina Sand, í samráði við landeigendur. Einnig að leita leiðsagnar heilbrigðiseftirlits vegna fráveitu. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að fylgja málinu eftir.
- 2. Möðruvellir 14**, - Umsókn um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við eldra hús. Þórhallur Andrésson, kt. 021058-6109 og Sigríður Thorsteinsson, kt. 161158-4619, óska eftir leyfi til að byggja við húsið við Möðruvelli 14, L126449. Brúttóflötur yrði eftir stækkun 224,8 m². 25. Febrúar 2019 var samþykkt í sveitarstjórn Kjósarhrepps, að breyta lóðinni úr frístundalóð í íbúðarhúsalóð.
Afgreiðsla: Nefndin samþykkir byggingaráformin og felur byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi þegar fullnægjandi gögn hafa borist.
- 3. Ósbraut 2**, - Umsókn um byggingarleyfi fyrir einnar hæðar nýbyggingu, matshluti 03, sem tengist sumarhúsi. Hafsteinn Hafsteinsson, kt. 031239-4439, óskar eftir leyfi til að byggja við sumarhúsið við Ósbraut 2, L126040. Brúttóflötur matshluta 03 er 25,9 m².
Afgreiðsla: Nefndin samþykkir byggingaráformin, með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemdar.
- 4. Hvammur Hólahús**, - Umsókn um byggingarleyfi. Kotasæla ehf., kt. 611111-0290, leggur fram reyndaruppdrætti vegna endurbóta á 135,2 m² frístundahúsi við Hvamm, L126108. Húsið var upphaflega byrgi frá hernámsárunum.
Afgreiðsla: Nefndin samþykkir byggingaráformin og felur byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi þegar fullnægjandi gögn hafa borist.
- 5. Árbraut 8** – í landi Grjóteyyrar. Umsókn um byggingarleyfi fyrir endurbyggingu frístundahúss. Ásgeir Þórðarson, kt. 160465-5149, Breiðhóli 22, 245 Sandgerði óskar eftir leyfi til að endurbyggja 60,0 m² frístundahús við Árbraut 8, L126068. Frestað frá síðasta fundi. Fyrir liggur samþykki nágrenna.
Afgreiðsla: Nefndin samþykkir byggingaráformin og felur byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi þegar fullnægjandi gögn hafa borist.
- 6. Snorravík í landi Eyrarkots** – Bygging íbúðarhúss / staðsetning á lóð. Mál frá fundi nr. 124, dags. 03.06.2019. Arngrímur Arngrímsson, kt. 131288-2399, Laufbrekku, Reykjavík óskar eftir að leyfi til að byggja / flytja timburhús á lóð sína við Snorravík í landi Eyrarkots lnr. 227278. Húsið er 80,1 m² hefðbundið timburhús byggt á steiptum þverveggjum. Grenndarkynning hefur farið fram. Athugasemdir hafa borist.
Afgreiðsla: Skipulagsnefnd telur framkomnar athugasemdir ekki vera ástæðu til synjunar. Nefndin samþykkir því byggingaráformin og felur byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi þegar fullnægjandi gögn hafa borist.
- 7. Þúfukot, gistiskáli** – Mál sem samþykkt var á fundi nr. 123, dags. 02.05.2019. Erindi hefur borist frá Dap ehf, kt. 550310-0490, vegna þessarar afgreiðslu.
Afgreiðsla: Nefndin vísar erindinu til hreppsnefndar.

SAR

MRK

M
EO

Skipulagsmál:

8. Aðalskipulag Hvalfjarðasveitar – skipulagslýsing.

Afgreiðsla: Lagt fram til kynningar. Skipulagsfulltrúa falið að fara fram á 10 daga frest til að geta skilað inn mögulegum athugasemdum.

9. Þorlaksstaðavegur – Tillaga að breytingu deiliskipulags.

Trípólí arkitektar, fyrir hönd lóðarhafa Þorlákstaðavegar 5, leggja fram tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Þorlaksstaðaveg.

Afgreiðsla: Samþykkt að grenndarkynna, í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 22/2010.

10. Nýja- Kot, breytt nýting húss.

Signý Höskuldsdóttir, kt. 101084-2489, óstaðsett í húsi, 276 Kjós, óskar eftir að lóð hússins Nýja-Kots, lnr. 213977, úr landi Þúfukots sem nú er skráð sem frístundalóð, verði breytt í lóð fyrir íbúðarhús. Frestað mál frá fundi þann 02.05.2019.

Frestað frá síðasta fundi. Staða málsins.

Afgreiðsla: Jákvætt tekið í erindið. Málinu vísað til sveitarstjórnar.

11. Deiliskipulag í landi Eyja II. – Tillagan var auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breyting deiliskipulagsins felur í sér að skilgreina lóðir fyrir frístundahús, Eyjavík 14, í stað þjónustumiðstöðvar og tjaldsvæðis. Afmörkun byggingareita á Eyjavík 9, 11 og 13 og 14 breytast, þeir stækka og byggingareitir Eyjavíkur 11, 13 og 14 eru færðir fjær Meðalfellsvatni. Stærð, lega og aðkoma lóðanna beytist.

Afgreiðsla: Frestað. Skýra verði lóðarmörk við nágrannalóðina Eyjar II, í samráði við landeigendur. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að fylgja málinu eftir.

Önnur mál:


- **Deiliskipulag Birkihlíð** – Mál frá fundi nr. 124, dags. 03.06.2019
Afgreiðsla: Skipulagsfulltrúi upplýsti nefndina um stöðu málsins.
- **Hvammsvík** – Lagt var fram fyrirspurn er varðar uppbyggingu í Hvammsvík.
Afgreiðsla: Nefndin tekur jákvætt í fyrirhugaða uppbyggingu.

Ör

Undirskrift fundarmanna:

Marianna H. Helgadóttir

Magnús Kristmannsson



Elís Guðmundsson



Sigurður H. Ólafsson, skipulags- og byggingarfulltrúi